

## Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um Fjármálaeftirlitið og starfsemi Dróma hf.

Frá Jóni Þór Ólafssyni.

1. Hvers vegna og í hvaða tilgangi var eignum SPRON ráðstafað eins og raun ber vitni sem hefur leitt til þess að viðskiptavinir SPRON og Frjálsa fjárfestingarbankans hafa fengið aðra afgreiðslu skuldamála hjá Dróma hf. en viðskiptavinir starfandi fjármálafyrirtækja með gildandi starfsleyfi?
2. Eru valdheimildir Fjármálaeftirlitsins að mati ráðherra nægar til að stemma stigu við því framferði Dróma hf. að hlíta ekki tilmælum um að standa við gerða endurútreikninga samkvæmt vaxtalögum og afléttingu veðbanda þegar krafa teldist að fullu greidd?
3. Hverju sætir það að fram að falli SPRON-samstæðunnar hafði Frjálsi fjárfestingarbankinn um árabíl veitt gjaldeyrislán og gengistryggð lán og gert slíka samninga við neytendur án þess að hafa heimild í starfsleyfi til slíkra viðskipta skv. b- og c-lið 7. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002?
4. Hvaða heimildir hefur Fjármálaeftirlitið til þess að hafa eftirlit með eignarhaldsfélögum sem hvorki starfa eftir starfsheimildum fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum nr. 161/2002 né gildandi leyfum samkvæmt innheimtulögum, nr. 95/2008? Eru þær heimildir nægilegar að mati ráðherra?
5. Hvernig má það vera að samkvæmt gagnsæistilkynningu Fjármálaeftirlitsins 12. nóvember 2013 hefur Drómi hf. stundað leyfisskylda innheimtustarfsemi án tilskilinna starfsheimilda um árabíl og að Fjármálaeftirlitið hafi þrátt fyrir það lokið málinu með sátt að fjárhæð 2.800.000 kr. með vísan til reglna nr. 1245/2007? Hefur ráðherra almennt sömu afstöðu og þá sem tilkynning Fjármálaeftirlitsins ber með sér, að einungis sé um minni háttar brot að ræða og að af þeim sökum geti hið brotlega framferði talist ásætlanlegt gegn hóflegri greiðslu?
6. Hverjar eru fjárhæðir og gjaldtökutímabil þeirra leyfisgjalda sem Fjármálaeftirlitið innheimtir fyrir útgáfu innheimtuleyfa og eftirlit með starfsemi leyfisskyldra innheimtudaðila?

**Skriflegt svar óskast.**

